



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Haustönn 2019

HÖTE3HA05 Tauþrykk, búta-og útsaumur

Kennari:	Guðbjörg Bergsveinsdóttir	Sk.st.	GB
-----------------	----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Hannað út frá handverksgreininum þrem tauþrykki, útsaumi og bútasauri. Nemandi tekur afstöðu til persónulegs hönnunarferlis, annað hvort hönnun út frá eigin líkama eða almennri hóbýlahönnun. Kynntar verða helstu aðferðir í ofangreindu handverki og nemendur gera a.m.k. eina tilraun með þrykk, handsaum og bútasaur í einni prufu. Í framhaldi af því fer hver og einn sína eigin leið að tilbúinni vöru, ásamt vinnulýsingu og hugmynd að markaðssetningu á henni.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Hugmyndavinnu, þ.e. ferlinu frá gagnasöfnun að tilbúinni, nothæfri afurð
- Undirbúningi verkefna á sviði tauþrykks, útsaums og bútasauris
- Því að semja og nota verklýsingar
- Að þekkja mismunandi aðferðir við tauþrykk, útsaum og bútasaur

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Skrá hugmyndir
- Vinna með og eftir verklýsingu
- Skilja samband milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna verkefni frá hugmynd að tilbúnu verki
- Fullvinna nytjahlut eða flík frá hugmynd að fullunnu verki

- Skila af sér skilmerkilegri hugmyndavinnu og vinnulýsingu svo hægt sé að fara eftir henni síðar
- Vinna hönnun sína út frá heild og/eða sögu, t.d. að hanna út frá ákveðnu þema
- Skila sér fullunnu verki, ásamt vinnumöppu þar sem myndrænum verkefnum annarinnar eru gerð skil
- Viðhafa vönduð vinnubrögð í öllu vinnuferlinu

Námsefni:

Matið byggir á reglulegum skilum á vinnumöppu með öllum verkefnum áfangans. Nýting tímans, í skóla og sem heimaverkefni er metin í dagbók hópsins, ásamt vinnuframlagi í sameiginlegri sýningu hópsins seinni part annar. Einskonar leiðsagnarmat viðhaft með samvinnu hvers hóps og kennara hans

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	20. ágúst	Kynning og skipulag Skoðun á taubrykki, búta- og útsaum	Möppuvinna hafin Myndræn verkefni X3
2 - 12 10 - 14	26. ágúst- 11. nóv 28.okt-29.nóv	Gera tilraunir, prufur Undirbúa og framleiða nytjahlut	Öll verkefni sýnd í vinnumöppu

Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Innlögn 1 x í viku, Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
4. Efnisgjald, kr. 7.000 skal greiðast á skrifstofu skólans sem fyrst. Innifalið í efnisgjaldi er að mestu efni í vinnumöppu, prufur og prufuflík, ásamt afnotum af textillager og afnot af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu. hefur yfir að ráða.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
------------	-------------------	------

Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Mæting og virkni. Vinnulýsingar og notkun þeirra. Útfærsla á sniðum metin. Mat á umfangi, frágangi og vinnubrögðum við saum á eigin flík.	100%
---	---	------

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar